

Sp.

34. Fyrirspurn

[34. mál]

til forsætisráðherra um sölu á hlutabréfum ríkisins í Flugleiðum.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Telur forsætisráðherra að það samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu ríkisins að láta þau boð út ganga að hlutabréfaeign ríkisins í Flugleiðum sé til sölu á um það bil níuföldu nafnverði en ganga síðan frá sölu bréfanna á mun lægra verði án þess að gera opinbert að fallið hafi verið frá fyrri verðhugmyndum?
2. Telur forsætisráðherra að það fái staðist eða samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu ríkisins að ganga frá sölu hlutabréfaeignar ríkisins til Flugleiða eins og gert var þegar réttmætur grunur var uppi um að Flugleiðum hefði borist vitneskja frá aðilum innan stjórnkerfis ríkisins um fyrirliggjandi tilboð annars aðila?
3. Hversu stór fjárhæð nettó mun renna til ríkisins af sölu nefndra hlutabréfa að teknu tilliti til skattalækkunar hjá nýjum eigendum bréfanna skv. hugmyndum Flugleiða um endursölu þeirra?
4. Hvenær hyggst forsætisráðherra taka afstöðu til rannsóknar á vinnubrögðum við sölu ofangreindra hlutabréfa ríkisins í Flugleiðum, sbr. erindi fyrirspyrjanda í bréfi til ráðherra dagsett 28. ágúst s.l.?